

Skolsalerni

Velferðartæknimat



Verkefnið

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar framkvæmdi prófanir á skolsalernum í samstarfi hjúkrunarheimilið Seljahlíð.

Tvær skolsalernissetur voru prófaðar; Pure Bide (Stoð) og Jasmin Care (Hjúki). Seturnar eru settar í stað hefðbundinnar setu og þurfa að vera tengdar rafmagni og vatni.

Tilgangur verkefnisins var að meta virði skolsalerna fyrir starfsemi hjúkrunarheimila og lífsgæði íbúa sem þurfa aðstoð við salernisferðir.

Prófanir erlendis hafa sýnt fram á betri nýtingu tíma starfsfólks og aukin lífsgæði íbúa í formi hreinlætis og sýkinga.

Skolsalernin eru hugsuð fyrir fólk sem þarf aðstoð við þrif eftir salernisferðir vegna líkamlegra takmarkana.

Prófanir fóru fram árið 2019

Nánari upplýsingar varðandi tæknina og prófanir má nálgast hjá Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar.

VTS@REYKJAVIK.IS

Niðurstöður

Skolsalerni geta veitt notendum aukið sjálfstæði og bætt lífsgæði þeirra svo um munar.

Notkun skolsalerna styður við hreinlæti fólks sem á erfitt með þrif eftir salernisferðir.

Töluvert dró úr húðvandamálum, roða og endurteknum sýkingum sem voru til staðar fyrir notkun.

Skolsalerni styðja við betra starfsumhverfi og starfsfólk upplifðu minna líkamlegt álag.

Notkun skolsalerna dregur úr notkun á rekstrarvörum, svo sem hönskum, svömpum og húðverndandi efnum.

Skolsalernisseturnar voru mjög svipaðar í notkun og reyndust báðar vel, en þola aðeins 150 kg. þyngd.

Skolsalernin eru einföld í uppsetningu en mikilvægt er að þjónustuaðili geti aðstoðað við uppsetningu og brugðist fljótt við bilunum.

Prófanir sýndu að skolsalerni styðja við sjálfstæði og hreinlæti fólks, auk þess að koma í veg fyrir ýmis húðvandamál og sýkingar.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið